


INNAN RIKIS RÁÐUNEYTI

VERKEFNI
2016 & 2017





HVERT SKAL HALDIÐ

Yfirliti um verkefni er ætlað að gera grein fyrir helstu verkefnum sem innanríkisráðuneytið mun vinna að á árunum 2016 og 2017. Mikil vinna hefur átt sér stað innan ráðuneytisins á liðnum misserum með það að meginmarkmiði að bæta verkferla og skipulag við úrlausn verkefna.

Ráðuneytið hvetur lesendur til að fara yfir verkefnin og senda tillögur og ábendingar sínar á netfangið postur@irr.is.



RÉTTINDI EINSTAKLINGA

STEFNUMÓTUN OG BÆTT FRAMKVÆMD Í MÁLEFNUM HÆLISLEITENDA

MEÐAL VERKEFNA ER:

Stefnumótun í útlendingamálum sem leggur grunn að skilvirkri málsmeðferð í málefnum útlendinga og hælisleitenda með mannúð og réttaröryggi að leiðarljósi.

Setja á fót móttökumiðstöð fyrir einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd.

Endurskoða ferla og reglur stjórnsýslunnar meðal annars ferla vegna móttöku, umönnun og forsjá fylgdarlausra barna sem fá hæli hér á landi og reglur um ferðaskilríki, upplýsingaskyldu og vinnslu persónuupplýsinga.

NEYTENDAVERND

Verkefnið snýst um að styrkja réttarstöðu neytenda með því að samræma löggjöf á sviði neytendamála, skilgreina verksvið þeirra sem sinna neytendamálum og tryggja virka framkvæmd reglna á sviði neytendaréttar sem heyra undir ráðuneytið.

ÁHERSLUR ENDURSKOÐUNARINNAR ERU:

Hagkvæmt leiðakerfi neytenda. Skilgreina betur hlutverk stofnana sem sinna neytendamálum og skoða m.a. verkaskiptingu þeirra.

Úrræði neytenda. Í því samhengi á að skoða sérstaklega verkefni kærunefnda neytenda, gildissvið kærunefnda og fylgni við úrskurði þeirra.

Upplýsingamiðlun til neytenda.

Réttindi neytenda. Hvernig bæta má réttindi neytenda t.d. á fjármálamarkaði sem og stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum, m.a. vegna neytendalána.

SKIPT BÚSETA BARNIS

Foreldrum, sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum, verði veitt heimild til að semja um skipta búsetu barns með eftirfarandi fimm atriði að leiðarljósi:

Að foreldrar taki í sameiningu allar ákvarðanir er varða barnið.

Að opinber stuðningur við foreldra skiptist jafnt á milli þeirra, s.s. barnabætur, mæðra- og feðralaun og umönnunargreiðslur. Þá verði tekið tillit til þess að barn sé í skiptri búsetu varðandi rétt til námslána og vaxtabóta.

Að meðlag falli sjálfkrafa niður.

Að stuðningur og þjónusta sveitarfélaga við foreldra vegna barns skiptist jafnt á milli þeirra nema þeir semji á annan hátt.

Að skipt búseta barns verði skráð í Þjóðskrá og að hægt verði að miðla þeim upplýsingum, m.a. til sveitarfélaga.

AUKIN ÁHERSLA Á VERND MANNRÉTTINDA

MEÐAL VERKEFNA ER AÐ:

Komið verður á fót óháðri mannréttindastofnun m.a. í því skyni að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Fullgilda á valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyndingum og annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem kveður á um innlent eftirlit sjálfstæðs aðila sem falið er að heimsækja reglulega stofnanir sem vista frelsissvipta einstaklinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að pyndingar eða önnur grimmileg eða vanvirðandi meðferð viðgangist.

Önnur úttekt mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála á Íslandi fer fram síðla árs 2016.



ALMANNA- OG RETTARÖRYGGI

ALMANNAVARNIR OG ÖRYGGISMÁL

Fjörutíu og tveimur aðgerðum til úrbóta í almannavarna- og öryggismálum hefur verið hrundið í framkvæmd. Aðgerðirnar miða að samhæfðu viðbragðskerfi í almannavarna- og öryggismálum, vernd mikilvægra samfélagslegra innviða og umbótum í löggæslu og öryggismálum.

RETTARÖRYGGISÁÆTLUN

Í mótun er áætlun um réttaröryggi sem fjallar um framtíðarskipan réttarvörslukerfisins: Stefnumótun, samspil og forgangsröðun verkefna og fjármuna þeirra stofnana sem réttarvörslukerfið á Íslandi samanstendur af. Réttarvörslukerfið verður byggt upp og skipulagt sem samofin heild. Opinberir aðilar sem eru hluti af réttaröryggisáætlun eru löggæsla, ákærvald, dómstólar og fullnusta.

Unnið verður að því að setja upp rafræna þjónustugátt milli stofnana réttarvörslukerfisins þannig að mál flæði á milli þeirra og að gögn séu þannig aðgengileg stofnunum og málsaðilum.

LÖGGÆSLA

Lokið við gerð löggæsluáætlunar. Þar verði skilgreint þjónustu- og öryggisstig fyrir lögregluna.

Lögreglumenntun verður færð á háskólastig og mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu stofnað samhliða.

Tryggt verður að kvartanir og kærur á hendur lögreglu verði tekin til viðeigandi skoðunar og meðferðar hjá sérstakri úrskurðanefnd í samræmi við nýsamþykkt lög þess efnis.

Biðtími farþega í Leifsstöð verður stytur með umbótum í landamæraeftirliti.

Umbætur eru fyrirhugaðar á laga- og regluverki um skráningu og meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu með það að markmiði að tryggja persónuvernd.

ADGERÐIR GEGN BROTASTARFSEMI

Unnið verður að því að tryggja vandaða, skilvirka og réttláta málsmeðferð við rannsókn mála á sviði kynferðisafbrot. Í opnu samráðsferli þeirra sem koma að meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu og neyðarmóttöku Landspítalans er unnið að því að leggja fram tillögur til úrbóta. Meðal annars er unnið með tillögur sem snúa að fræðslu og endurmenntun, samræmdum verklagsreglum, endurnýjun á tækjabúnaði sem og fjarfundabúnaði í dómsölum.

Fræðsluáttak stendur yfir með tilheyrandi vitundarvakningu, bæði fagstétta og almennings, varðandi aðgerðir gegn mansali.

Vitundarvakning um forvarnir gegn spillingu stendur yfir meðal almennings með samvinnu við frjáls félagasamtök, fræðasamfélagið og fyrirtæki.

ÁKÆRUVALD

Unnið verður að umbótum í alþjóðlegri sakamálasamvinnu í samræmi við nýsamþykkt lög um handtöku og afhendingar manna vegna refsiverðrar háttsemi á milli Norðurlandanna og aðildarríkja Evrópusambandsins. Hið nýja fyrirkomulag varðandi afhendingu sakamanna milli ríkja, sem kemur í stað hefðbundins framsalsfyrirkomulags, byggist á gagnkvæmri viðurkenningu og trausti ríkja á réttarkerfum hvers annars. Þörfin á nýju fyrirkomulagi um framsal byggist m.a. á því að í auknum mæli eru afbrot skipulögð og ganga þvert á landamæri.

DÓMSTÓLAR

Grundvallarbreytingar verða á dómstólaskipaninni með tilkomu nýs dóm-stigs, þannig að þau verði þrjú, þ. e. héraðsdómstólar, Landsréttur og Hæstiréttur. Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 en fram að því þarf að undirbúa starfseminu með ýmsum hætti s.s. finna húsnæði og skipa dómara.

Grundvallarbreytingar verða á stjórnarsýslu dómstólanna og verður komið á fót stjórnarsýslustofnun innan dómskerfisins sem heitir dómstólasýslan. Er henni ætlað að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnarsýslu allra dómstólanna.

MEGINMARKMIÐ BREYTINGANNA ERU AÐ:

Meginreglunni um milliliðalausar sönnunarfærslu verði fylgt á áfrýjunarstigi, bæði í einkamálum og sakamálum.

Létta álagi af Hæstarétti og styrkja hlutverk hans sem fordæmisgefandi dómstóls.

Stuðla að vandaðri málsmeðferð í málum þar sem reynir á sérfræðileg atriði.

FULLNUSTUMÁL

Nýtt fangelsi var tekið í notkun á Hólmsheiði árið 2016. Fangelsið hefur verið sérstaklega hannað sem gæsluvarðhalds- og öryggisfangelsi. Sem stendur eru öll afplánunarrými í landinu fullnýtt, boðunarlistar að lengjast og hefur gæsluvarðhaldsföngum sem og föngum sem vista þarf í öryggisfangelsi fjölgað. Nýtt fangelsi er því skref til að stytta biðtíma þeirra sem bíða afplánunar og tryggja enn frekar öryggi almennra borgara.

Unnið verður að innleiðingu nýsamþykktra laga um fullnustu refsinga sem fela m.a. í sér aukin fullnustuúrræði utan fangelsa s.s. með auknu rafrænu eftirliti við lok afplánunar og aukna samfélagsþjónustu sem á að stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu í kjölfar afplánunar.

Unnið er að bættri geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga.

Reglur um fyrirkomulag rafræns eftirlits við afplánun refsinga verða endurskoðaðar.

Úrræði yfirvalda til innheimtu sekta og sakarkostnaðar verðar endurskoðuð.



SAMGÖNGUR OG SVEITARSTJÓRNARMÁL

STAÐA OG HORFUR VIÐ MÓTUN SAMGÖNGUSTEFNU

Unnið er að yfirliti um stöðu og horfur í mótun samgöngustefnu með tvíþættu markmiði. Annars vegar er því ætlað að veita heildstætt yfirlit yfir þau margvíslegu álitamál sem skipta máli við mótun samgöngustefnu fyrir Ísland. Hins vegar er fjallað um möguleika í heildarstefnumótun varðandi samgöngur og settar fram tillögur um verklag og ákvaðanartöku.

Fyrir Alþingi liggur fjögurra ára samgönguáætlun og í ráðuneytinu er nú unnið að tólf ára samgönguáætlun.

Í gildandi samgönguáætlun eru nokkur stór og mikilvæg verkefni. Þau helstu næstu tvö árin eru:

Lokið við gerð Norðfjarðarganga en með því tengist Neskaupstaður betur við aðra byggðakjarna Fjarðabyggðar. Það mun m.a. hafa jákvæð áhrif á heilsugæslu með betri aðgangi að fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað. Þá stækkar atvinnusvæðið og samgöngur verða öruggari.

Hefja gerð Dýrafjarðarganga og opna þannig heilsárssamgöngur milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða. Með þeim myndast hringtenging um Vestfirði og vegalengdir styttest um nokkur hundruð kílómetra.

Boðin hefur verið út smíði Vestmannaeyjaferju sem ætlað er að tryggja samfelldar, hagkvæmar og öruggar samgöngur á milli lands og Vestmannaeyja.

Almenningssamgöngur verða styrktar með það að markmiði að til verði heildstætt, samofið kerfi mismunandi samgöngumáta sem sé raunhæfur kostur. Áfram verður unnið að því að bæta þjónustuna og viðhalda þeim árangri sem hefur náðst með aukinni notkun almenningssamgangna.

UMFERÐARÖRYGGI

Mikilvægt er að styrkja nú þegar aðgerðir á sviði umferðaröryggis. Markmið stjórnvalda um 5% fækkun umferðarslysa hafa ekki náðst sem meðal annars má skýra af langvarandi niðurskurði fjárframlaga til samgöngumála um leið og umferð hefur aukist. Stuðla verður að auknu umferðaröryggi með áróðri, fræðslu og umferðareftirliti með auknum fjárframlögum. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir auknum framlögum til að auka viðhald, styrkja vegakerfið þar sem álagið er mest og bæta þjónustu.

REKSTUR FLUGVALLA INNANLANDS ENDURSKOÐAÐUR

Sett verður af stað verkefni til að finna hagkvæmasta rekstrarfyrirkomulag flugvalla innanlands. Starfshópi verður falið að leggja fram tillögur um úrbætur að bættum flugsamgöngum innanlands, þjónustu við almenning og úttekt á sköttum og gjöldum af innanlandsflugi. Kannað verði meðal annars hvort fella má millilandaflugvelli inn í rekstur Isavia og að Vegagerðinni verði falinn rekstur annarra flugvalla. Einnig hvort fýsilegt er að bjóða út allt innanlandsflug en flugvallargjöld færð að kostnaði.

ENDURSKOÐUN ÚTBOÐSMÁLA

Markmið verkefnisins er að auka gæði og skilvirkni við undirbúning útboða, kostnaðarmat og framkvæmd útboða á umfangsmiklum verkefnum Vegagerðarinnar til að stuðla enn frekar að markvissri nýtingu fjármagns.

Uppbygging samgöngukerfisins krefst umfangsmikilla og flókinna verka og geta þau stærstu kostað vel á annan tug milljarða. Starfshópur ráðherra með fulltrúum frá atvinnulífinu, háskólasamfélaginu og stjórnvöldum vinnur að endurskoðun verklags á þessu sviði og er miðað við að hann komi með tillögur til úrbóta á árinu 2016. Vonir standa til að hægt verði að yfirfæra þá aðferðafræði sem niðurstöðurnar skila yfir á önnur svið útboðsframkvæmda.

FJÁRMÖGNUN SAMGÖNGUFRAMKVÆMDA

Skoðaðar verða nánar leiðir til þess að fjármagna samgönguframkvæmdir og rekstur samgöngumannvirkja í samvinnu við einkaaðila. Horft verði til reynslu nágrannaríkjanna en jafnframt tekið mið af íslenskum aðstæðum við útfærslu leiða við að mæta þörf fyrir uppbyggingu samgangna á Íslandi. Sem dæmi má nefna er miðað við að skoða sérstaklega skilyrði og aðferðafræði við að stofna til samstarfs við einkaaðila um gerð um Sundabrautar.

STAÐA OG FRAMTÍÐ ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Greina tækifæri og leiðir til að styrkja sveitarstjórnarstigið. Þá er verkefninu ætlað að bæta úr ágöllum sem aðilar eru sammála um að séu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, auk þess að leiða fram úrbótatækifæri í stjórnsýslu í samráði við íbúa. Móta á stefnu til 15 ára og aðgerðaráætlun til fimm ára sem miði að eflingu sveitarstjórnarstigsins með eftirfarandi að leiðarljósi:

Stærri, öflugri og sjálfbærum sveitarfélögum.

Breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.


Markvissari samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Nýtingu rafrænnar tækni við stjórnsýslu.

Lýðræðislegri þátttöku íbúa um stefnumörkun og ákvarðanatöku á öllum sviðum.

ENDURSKOÐUN Á REGLUVERKI JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Til að taka mið af útgjaldþörf sveitarfélaga með enn skýrari hætti verður regluverk Jöfnunarsjóðs endurskoðað. Í þróun er nákvæmt útgjaldamælingakerfi sem ætlað er að endurspeglar sem best útgjaldþarfir sveitarfélaga vegna lögbundinna og venjubundinna verkefna. Markmiðið er að fjármunum sjóðsins verði betur varið með markvissari jöfnunaraðgerðum og fjármunir fari í ríkara mæli þangað sem þeirra er þörf. Verkefnið er unnið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.



FJARSKIPTI OG POSTMAL

FJARSKIPTI

Í FJARSKIPTAÁÆTLUN ERU NOKKUR UMFANGSMIKIL OG MIKILVÆG VERKEFNI. ÞAU HELSTU NÆSTU TVÖ ÁRIN ERU:

Unnið að því að 90% lögheimila og vinnustaða eigi kost á 100Mb/s nettengingu um fastanet árið 2018. Markaðurinn sér að mestu um þá uppbyggingu. Fjarskiptasjóður styrkir uppbyggingu 14 sveitarfélaga á rúmlega 1.000 ljósleiðaratengingum utan markaðssvæða í dreifbýli árið 2016.

Lokið verður við ljósleiðarahringtengingu Vestfjarða og Snæfellsness á árinu 2016 til eflingar á öryggi og afköstum fjarskipta þar. Er það sameiginlegt átaksverkefni ríkisins, sveitarfélaga, íbúa, veitu- og fjarskiptafyrirtækja og verktaka í fjarskiptum, þar sem samstarf og hagkvæmni eru höfð að leiðarljósi. Bæði verkefni eru styrkt af fjarskiptasjóði.

Verið er að þétta útbreiðslu farnets utan markaðssvæða í dreifbýli, á hálendi og á sjó í samvinnu Neyðarlínunnar, fjarskiptasjóðs, veitufyrirtækja og fjarskiptafyrirtækja.

Von er á miklum hagsbótum fyrir farsímanotendur sem ferðast innan EES með innleiðingu á nýjum reglum um reiki innan EES. Með nýju reglunum greiðir notandi eftir gjaldskrá heimalands síns sem felur í sér mun lægri símakostnað á ferðalögum innan EES.

NETÖRYGGI

Unnið er að sextán aðgerðum til úrbóta í netöryggismálum. Aðgerðirnar miða m.a. að almennri vitundarvakningu um öryggi á þessu sviði, tengingu þess við nám á öllum stigum, persónuvernd, traust grunnkerfi, greiningu ógna, bættri viðbúnaðargetu, bættri löggæslu tengdri Netinu og endurskoðun lagaumhverfis í ljósi breyttra alþjóðlegra krafna og tækniþróunar.

Af hálfu opinberra aðila er einnig lögð sérstök áhersla á að efla netöryggi stjórnsýslu og lykilþjónustustofnana svo sem á sviði orku-, fjarskipta- og fjármála.

ÓLÖGLEGT NIÐURHAL

Nefnd innanríkisráðherra hefur gert úttekt á umfangi ólöglegs niðurhals af netinu á höfundaréttarvörðu efni. Ýmsar tillögur eru til skoðunar hjá innanríkisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Á forræði innanríkisráðuneytis er að kanna skipulagsbreytingu við rannsókn og saksókn á málum af þessum toga. Það er mat innanríkisráðherra að í því skyni sé nauðsynlegt að styrkja tölvubrotadeild lögreglu með því að fjölga stöðugildum og bæta tæknimenntun lögreglumanna sem sinna tölvuglæpum.

AFNÁM EINKARÉTTAR Í PÓSTÞJÓNUSTU

Í dag hefur Íslandspóstur einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 g auk þess að gegna hlutverki alþjónustuveitanda. Unnið er að afnámi einkaréttar í pósthjónustu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins. Ríki innan EES hafa þegar innleitt tilskipunina og felld úr gildi einkarétt hins opinbera á pósthjónustu. Markmið breytinganna er að einkaréttur ríkisins á sviði pósthjónustu verði afnuminn og opnað fyrir samkeppni á póstmárkaði um leið og alþjónusta er tryggð. Með alþjónustu er átt við þjónustu sem allir landsmenn eiga rétt á að hafa aðgang að á viðráðanlegu verði, þ.e. póstsendinga innanlands og til annarra landa. Undir alþjónustu fellur meðal annars aðgangur að afgreiðslustað, útburður á pósti alla virka daga nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri.

Jafnframt á að einfalda regluverk í pósthjónustu og auka sveigjanleika við að sníða þjónustuna að þörfum notenda. Samhliða er eftirlit með pósthjónustu einfaldað. Eftir sem áður verður tryggð alþjónusta, grunnþjónusta á sviði pósthjónustu, en leitast við að skapa skilyrði fyrir því að hún sé veitt á hagkvæman máta.



RAFRÆN SAMSKIPTI

SAMRÁÐSGÁTT

Þróun og innleiðing miðlægrar samráðsgáttar þar sem markmiðið er að: Ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra tileinki sér gegnsæ, skilvirk og opin samráðsferli svo að almenningur og fyrirtæki geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum að í stefnumótun, reglusetningu (frumvörp og reglugerðir) og ákvarðanatöku. Stefnt er að því að setja upp miðlæga samráðsgátt á árinu 2016. Innanríkisráðuneyti og forsætisráðuneyti vinna saman að þessu verkefni í samráði við önnur ráðuneyti og fleiri. Verkefnið er liður í framkvæmd stefnunnar um upplýsingasamfélagið, Vöxtur í krafti netsins.

AUKIÐ ÖRYGGI OPINBERRA KERFA OG VEFJA

Markmiðið er að efla net- og upplýsingaöryggi í stjórnarsýslunni með aukinni fræðslu, samhæfingu og samvinnu. Fyrsta stóra skrefið í verkefninu er að meta/kanna öryggi tölvukerfa og gagna opinberra aðila. Innanríkisráðuneytið vinnur að þessu verkefni í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, Persónuvernd, forsætisráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í verkefninu eru einnig þróaðar leiðbeiningar og samhæfðar kröfur og viðmið um öryggi og persónuvernd fyrir opinbera vefi, kaup á hugbúnaði, þjónustu, rekstur kerfa og hýsingu. Haldin verða námskeið um öryggismál og persónuvernd fyrir vefstjóra, sérfræðinga í upplýsingatækni og aðra sem bera ábyrgð á öryggi opinberra kerfa. Verkefnið er liður í framkvæmd stefnunnar um upplýsingasamfélagið, Vöxtur í krafti netsins og fellur einnig undir framkvæmd stefnunnar um net- og upplýsingaöryggi.

SAMSTARFSNEFND UM RAFRÆNA STJÓRNSÝSLU

Markmiðið er að bæta rafræna þjónustu hins opinbera við almenning og fyrirtæki, stytta afgreiðslutíma og koma á sjálfsafgreiðslu þar sem mögulegt er. Til þess að það geti orðið þarf að koma á skilvirkara samstarfi milli stofnana og ráðuneyta, auka samhæfingu og samnýtingu upplýsingatæknilausna, ásamt stöðlun og öryggi í rafrænni stjórnarsýslu. Lagt er til að komið verði á víðtæku samstarfi um rafræna stjórnarsýslu milli ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga. Slíkt samstarf er forsenda þess að árangur náist. Á árunum 2016-2017 er stefnt að því að samstarfsnefndin móti tillögur að framtíðarskipulagi opinberra tölvukerfa, fram fari mat á valkostum og að leitað verði samkomulags milli helstu aðila.

OPIN GÖGN

Markmið verkefnis er að almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að ópersónubundnum upplýsingum og skráum í vörslu ríkis og sveitarfélaga og geti endurnýtt þær. Búið er að setja upp miðlæga gátt www.opingogn.is og verður verkefni árána 2016 og 2017 að aðstoða stofnanir, halda námskeið og stuðla að því að stofnanir og sveitarfélög opni aðgang að gögnum sínum og þau verði aðgengileg í gáttinni. Innanríkisráðuneytið vinnur að þessu verkefni í samstarfi við ráðuneyti og sveitarfélög. Verkefnið er liður í framkvæmd stefnunnar um upplýsingasamfélagið, Vöxtur í krafti netsins.

RAFRÆNAR ÞINGLÝSINGAR

Markmið verkefnisins er að gera þinglýsingar rafrænar og fá þannig hraðvirka og notendavæna rafræna þjónustu þó þannig að þinglýsingar glati ekki eðliseinkennum sínum og trausti. Rafrænar þinglýsingar eiga ekki að fela í sér aukna áhættu á misferli miðað við núverandi fyrirkomulag enda eru gerðar ítrustu kröfur til öryggis.